

## LÖG

um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins,  
nr. 20 30. apríl 1986.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Landsambands smábátáeigenda, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.*

**Þorsteinn Pálsson.**

**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**  
(L. S.)

**Magnús Thoroddsen.**

---

*Mathías Á. Mathiesen.*

## LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „þéttbýli“ í fyrirsögn á undan 23. gr. komi: þéttri umferð.

2. gr.

2. mgr. 64. gr. falli niður.